LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
STOFNAÐ 1949

Þingskjal nr. __

Flytjandi milliþinganefnd um hugtakið gæðingur

Lagt fyrir _____

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir eftirfarandi skilgreiningu á hugtakinu gæðingur:

> *Gæðingur er réttnefni hests sem býr yfir traustri lund, mýktartölti, fjölhæfni, hreinum gangi, lipurð og snerpu.*

Greinargerð
Það er ekkert áhlaupaverk að skilgreina orðið gæðingur, svo öllum líki. Hvað þá að búa svo um hnútana að skilgreiningin standist fræðilegar kröfur. Þetta helgast af því að gæðingur er gildishlaðið orð, sem ofan í kaupið vísar í allar áttir í upplifun og hughrifum þeirra sem gæðingskosta njóta. Almenn sátt virðist nú um stundir ríkja um að mismunandi hestgerðir geti verðskuldað sæmdarheitið gæðingur: Alhliða hestar, klárhestar með tölti og hestar sem eru fyrst og fremst töltarar – allir þessi verði þó að uppfylla hin fjölbreyttu skilyrði, sem fram koma í ofanritaðri skilgreiningu.

Þannig ber að skilja orðið fjölhæfur í þessari skilgreiningu: Að það nái til allra þessara hestgerða, og auki líkur á að um orðalagið skapist almenn sátt.

Það er von okkar nefndarfólks að hér hafi tekist að finna rauðan þráð um mýktargang og skaphöfn, sem dugar best þegar mest á reynir – hvort sem er á klungurvegum eða kjörbrautum. Rauðan þráð sem liggur allt aftur í aldir, og vísar jafnframt veginn til framtíðar.

Nefndina skipa
Bjarni Þorkelsson
Jón Þorberg Steindórsson
Sóley Margeirsdóttir
Örn Karlsson